

Landskiki úr landi Miðdals 1 í Mosfellsbæ

L125210

Úttektarskýrsla minjavarðar

Henny Hafsteinsdóttir
2024



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Henny Hafsteinsdóttir
Inga Sóley Kristjónudóttir

Ljósmyndir
Henny Hafsteinsdóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft í norðaustur - frístundahús, uppmokstur og grjóthleðslur.

© xxxx
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Íceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	4
4.	Rannsókn – aðferð	5
5.	Fornleifaskrá	5
6.	Hús og mannvirki.....	8
7.	Niðurstöður	9
8.	Heimildaskrá	10

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3201

Tilgangur úttektar:
Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar


Staðsetning:
Landskiki L125210 úr landi Miðdals 1

GPS:
373085,403536

Dagsetning vettvangsferðar:
27. maí 2024

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Teiknistofan Storð óskaði eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um drög að deiliskipulagsbreytingu fyrir landskika L125210 úr landi Miðdals 1. Skipulagssvæðið er um 2,7 ha. að stærð og liggur norðan við Nesjavallaveg austan við Krókatjörn. Fyrirhugað er að skipta svæðinu upp í 4 frístundalóðir og nýta núverandi aðkomu að svæðinu. Minjastofnun veitti umsögn um málið 8. mars 2024 þar sem ekki var gerð athugasemd við erindið með fyrirvara um niðurstöðu vettvangskonunnar sem ekki var hægt að framkvæma vegna þess að snjór var yfir öllu svæðinu á þeim tíma.



Mynd 1 – Hluti af skipulagsupprætti, tillaga unnin af Storð teiknistofu, dagsett 9. febrúar 2024

2. Fyrri rannsóknir

Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins.

3. Staðhættir

Svæðið er staðsett í landi jarðarinnar Miðdals norðan Nesjavallaveg og austan við Krókatjörn. Saga Miðdals er rakin í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006. Landskikinn liggur alveg að vatnsbakka Krókatjarnar til vesturs, þar er brött gróin brekka um 180 metra hæð, í framhaldi af henni skiptist landið í lyngmóa, mosapembu og mela á milli.¹ Landið er í uppgræðslu og hefur verið stunduð skógrækt síðastliðin ár. Svæðið er afmarkað með girðingu á alla vegu nema að Krókatjörn.

¹ Deiliskipulagsuppráttur unnin af Storð teiknistofu, dagsettur 9. febrúar 2024


4. Rannsókn – aðferð

Vettvangsathugun:

Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi heimildir, fyrri fornleifaskráningu og ýmsa kortagrunna og loftmyndir. Að því loknu var svæðið skoðað á vettvangi af minjaverði og fornleifafræðingi Minjastofnunarinnar. Teknar voru myndir og minjar (yngri en 100 ára) skráðar með verkefnanúmeri stofnunarinnar (3201). Minjarnar voru mældar upp með nákvæmu GPS-mælitæki, hnitsettar og færðar inn á vefsíðu Minjastofnunarinnar.

5. Fornleifaskrá

Á vettvangi fundust þrír grjóttgarðar eða grjóthleðslur. Á loftmynd frá 1954 er ekki hægt að greina grjóttgarðana en á loftmyndum frá 1996 og 2005 má greina þessa garða og bendir það til að um sé að ræða yngri minjar, hleðslur sem sennilega hafa verið gerðar í tengslum við skógrækt á svæðinu til að skapa skjól. Ljóst er því að ekki er um friðaðar fornleifar að ræða sbr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, en þar sem garðarnir eru allt frá 20 – 70 metra langir og vel greinilegir var ákveðið að mæla þá upp með nákvæmu GPS mælitæki og gefa þeim verkefnanúmer. Engar friðaðar fornleifar fundust á vettvangi.



Loftmynd 1954 – Landskiki L125210 innan rauðmerkta svæðis (Kortavefsíða Mosfellsbæjar 29. maí 2024)



Loftmynd 1996 – Landskiki L125210 innan rauðmerkta svæðis (Kortavefsjá Mosfellsbæjar 29. maí 2024)



Loftmynd 2005 – Landskiki L125210 innan rauðmerkta svæðis (Kortavefsjá Mosfellsbæjar 29. maí 2024)

3201-001 Grjótgarður skjólveggur við garð



Mynd 2 - Grjótgarður skjólveggur við garð

3201-002 Grjótgarður og uppmokstur



Mynd 3 - Grjótgarður og uppmokstur

3201-003 Grjótgarður skjólveggur við veg



Mynd 4 - Grjótgarður skjólveggur við veg

6. Hús og mannvirki

Á svæðinu er skráð sumarhús sem samkvæmt fasteignaskrá var byggt árið 1999 ásamt tveimur skúrbyggingum sem ekki eru skráðar.



Mynd 5 – Sumarhús byggt 1999



Mynd 6 - Geymsluskúr

Upplýsingar



Mynd 7 – Geymsluskúr við veg

7. Niðurstöður

Á vettvangi fundust þrír grjótgarðar eða grjóthleðslur, yngri minjar, sem sennilega hafa verið gerðar í tengslum við skógrækt á svæðinu til að skapa skjól. Garðarnir eru vel greinilegir og bera vitni um þá landgræðslu og trjárækt sem stunduð var á lóðinni á árum áður. Grjótgarðarnir hafa verði mældir með nákvæmu GPS mælitæki, sjá mynd hér fyrir neðan.



Mynd 8 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum grjótgördum.

8. Heimildaskrá

Þjóðminjasafn Íslands. (2006). Fornleifaskrá Mosfellsbæjar. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.

Skipulagsvefsjá Mosfellsbæjar:

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Skipulagsvefsjá:

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulag-vefur/display.aspx?numer=3162>

Myndaskrá

Mynd 1 – Hluti af skipulagsuppdætti, tillaga unnin af Storð teiknistofu, dagsett 9. febrúar 2024	4
Mynd 2 - Grjótgarður skjólveggur við garð.....	7
Mynd 3 - Grjótgarður og uppmokstur.....	7
Mynd 4 - Grjótgarður skjólveggur við veg	7
Mynd 5 – Sumarhús byggt 1999.....	8
Mynd 6 - Geymsluskúr	8
Mynd 7 – Geymsluskúr við veg	9
Mynd 8 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum grjótgörðum.	9